

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 26/2025

2025/EES/30/26

frá 7. febrúar 2025

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1763 frá 14. mars 2024 um endurnýjun ákvörðunar um að gjaldþolsreglur sem eru í gildi í Bandaríkjunum sem gilda um fyrirtæki með aðalskrifstofu sína í því þriðja landi séu til bráðabirgða jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í VI. kafla I. bálks tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1ad (framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/310) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„1ae. **32024 D 1763**: Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1763 frá 14. mars 2024 um endurnýjun ákvörðunar um að gjaldþolsreglur sem eru í gildi í Bandaríkjunum sem gilda um fyrirtæki með aðalskrifstofu sína í því þriðja landi séu til bráðabirgða jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í VI. kafla I. bálks tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (Stjtið. ESB L, 2024/1763, 21.6.2024).“

2. gr.

Texti framseldrar ákvörðunar (ESB) 2024/1763, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. febrúar 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1763, 21.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_del/2024/1763/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.